

Djúpavogshreppur
Sveitarstjóri
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík 12. apríl 2018
UST201803-350/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Deiliskipulag - Tillaga – Steinaborg, Djúpavogshreppi

Vísað er til erindis sveitarstjóra Djúpavogshrepps er barst 21. mars. sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi á Steinaborg, Djúpavogshreppi.


Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er alls 6,4 ha og nær yfir gamla bæjarstæðið og heimatún Steinaborgar.

Í lýsingu koma fram staðsetning skipulagssvæðis og markmið áætlaðs deiliskipulags.

Á svæðinu eru ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar og þar eru ekki svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur